

# ALGILD HÖNNUN: LEIÐARLJÓS AÐ JAFNRÆÐI OG TÆKIFÆRUM TIL SAMFÉLAGSPÁTTTÖKU

Markmið þessarar greinar er að fjalla um algilda hönnun (e. universal design) í fræðilegu samhengi og með skírskotun í rannsóknir höfunda. Sjónum er einnig beint að stefnumótandi skjölum um algilda hönnun hér á landi. Algild hönnun er byggð á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu. Lögð er áhersla á að koma til móts við mannlegan margbreytileika, það er fólk með mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Framan af beindust áherslur algildrar hönnunar fyrst og fremst að manngerðu umhverfi en í auknum mæli er nú einnig litið til félagslegs umhverfis, stefnumótunar, verklags og viðhorfa. Enn fremur hefur áhersla á notagildi umhverfis, vöru og þjónustu aukist. Síðustu ár hafa mannréttindaáherslur einkennt umfjöllun um hugtakið og með innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafa hérlend stjórnvöld lýst yfir stuðningi við algilda hönnun í íslensku samfélagi. Þótt hér sé fyrst og fremst fjallað um hugtakið í tengslum við fötlun hefur það mun víðtækari skírskotun, eins og fram kemur í greininni.

Efnisorð: algild hönnun, efnislegt og félagsleg umhverfi, aðgengileiki, notagildi, jafnræði, stefnumótun

## INNGANGUR

Eins og fram kemur í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) er algild hönnun (e. universal design) pólitískt hugtak sem er byggt á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu (United Nations, 2007; þingskjal nr. 960/2020–2021). Í hugmyndinni endurspeglast mikilvægi þess að koma til móts við mannlegan margbreytileika, það er fólk með mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Fötlun er einn þáttur þessa breytileika eins og aðrir eiginleikar eða tímabil í lífi fólks. Áherslur algildrar hönnunar beindust lengi vel einkum að efnislegu umhverfi, svo sem skipulagi, arkitektúr og hönnun (Center for Universal Design, 1997; Imrie, 2012). Í auknum mæli er nú einnig litið til félagslegs umhverfis, viðhorfa og stefnumótunar sem hefur áhrif á ýmiss konar starfsemi, þjónustu og verklag, enda getur þekking á þeim hindrunum sem þar kunna að leynast verið forsenda þess að hægt sé að taka á málum. Enn fremur hefur áhersla aukist

á notagildi umhverfis, vöru og þjónustu (Iwarsson og Ståhl, 2003; Lid, 2016). Persónuleg reynsla fólks segir til um hvort hönnun er nothæf og vænleg til árangurs og því skiptir aðkoma notenda að umræðu og ákvörðunum miklu. Síðustu ár hefur áhersla á mannréttindi einkennt umfjöllun um hugtakið og með innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (United Nations, 2007) hafa hérlend stjórnvöld lýst yfir stuðningi við algilda hönnun í íslensku samfélagi. Unnið er að lögfestingu samningsins hér á landi (þingskjal nr. 960/2020–2021).

Markmið þessarar greinar er að fjalla um algilda hönnun út frá ólíkum sjónarhornum. Umfjöllunin er að hluta til byggð á skrifum helsta fræðafólks á sviðinu (Imrie, 2012; Iwarsson og Ståhl, 2003), sér í lagi norsku fræðikonunnar Inger-Marie Lid (Lid, 2013, 2014, 2015, 2016; Lid og Solvang, 2016). Einnig beinum við sjónum að íslenskum og erlendum stefnumótandi skjölum sem fjalla um algilda hönnun. Loks leggjum við út af dæmum úr eigin rannsóknum og annarra, sem varpa ljósi á það misrétti sem fatlað fólk mætir þegar því er gert ókleift að fara um og nota umhverfið eins og aðrir íbúar landsins.

## Uppruni og skilgreiningar

Hugmyndafræði algildrar hönnunar þróaðist í Bandaríkjunum í kjölfar þess að mannréttindahreyfingar áréttuðu mikilvægi þess að gera umhverfið aðgengilegra, stuðla að jafnari tækifærum fólks og auka lífsgæði (Steinfeld og Maisel, 2012). Hugtakið er rakið til arkitektsins og vöruhönnuðarins Ronald Mace (Center for Universal Design, e.d.) sem notaði hjólastól eftir að hann fékk lómunarveiki við níu ára aldur. Gefin voru út sjö leiðbeinandi meginviðmið um atriði sem huga þyrfti að við hönnun efnislegs umhverfis, húsnaðis eða vöru. Þau beinast að því að (1) gætt sé jafnræðis, sanngirni og (2) sveigjanleika í notkun til að koma til móts við mannlegan margbreytileika. Einnig að (3) auðskilið sé hvernig nota á vöru óháð reynslu, þekkingu, tungumálakunnáttu eða öðru, og að (4) upplýsingar séu tiltækar og vel greinanlegar fyrir mismunandi hópa fólks. Það þarf (5) að vera svigrúm fyrir mistök við notkun vörunnar og hætta á slysum og óhöppum skal vera í lágmarki. Hönnunina þarf að vera hægt að nota á (6) þægilegan og áhrifaríkan hátt með takmarkaðri fyrirhöfn og áreynslu. Enn fremur skal (7) huga að stærð og rými þannig að hönnunin henti mismunandi líkamsstærðum, -stöðum og hreyfanleika (Center for Universal Design, 1997).

Í SRFF (United Nations, 2007; þingskjal nr. 960/2020–2021) er algild hönnun skilgreind sem „hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlaða og þjónustu sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að til þurfi að koma umbreyting eða sérstök hönnun“. (2. grein, skilgreiningar). Í 9. grein samningsins, sem fjallar um aðgengi, segir jafnframt:

Til að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki aðgengi, til jafns við aðra, að efnislegu umhverfi sínu, samgöngum, upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. samskiptatækni og -kerfi og að annarri aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. (þingskjal nr. 960/2020–2021, 9.gr.)

Í Alþjóðaskýrslunni um fötlun (World Health Organization, 2011) er algild hönnun skilgreind sem ferli sem stuðlar að notagildi, öryggi, heilsu og félagslegri þátttöku fyrir tilstilli hönnunar og skipulags umhverfis, búnaðar og kerfa, til að koma til móts við mannlegan margbreytileika og hæfni. Þar er jafnframt lögð áhersla á aðgengismenningu, þar sem stuðlað er að aðgengileika með góðri eftirfylgd laga og reglugerða. Í skýrslunni er mikilvægi lýðræðisvitundar áréttuð, það er þekking, meðvitund um og viðurkenning á gildi þess að vinna að hentugum og fjölbreyttum lausnum (World Health Organization, 2011).

Þótt áhersla sé á alhliða lausnir sem gagnast flestum er viðurkennt að oft þurfi að auki sérsníðna nálgun til að koma til móts við óskir og þarfir einstaklinga eða hópa (United Nations, 2007). Á alþjóðlegri ráðstefnu um algilda hönnun árið 1998 sagði Ronald Mace, fyrrnefndur höfundur hugtaksins: „ég hef aldrei séð byggingu eða aðstöðu sem ... [er] nothæf fyrir alla ... og ég veit ekki hvort það er mögulegt ... við notum þetta hugtak vegna þess að það lýsir því best hvert markmiðið er“ (Center for Universal Design, 1998). Orð hans undirstrika að algildri hönnun er betur lýst sem ferli en útkomu, leiðarljósi en ekki endanlegum áfangastað.

## Jafnræði og lýðræði

Mikilvægum áfanga í átt að jafnræði og lýðræði var náð með SRFF (United Nations, 2007; þingskjal nr. 960/2020–2021). Eins og segir í 1. grein er markmið samningsins: „að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess“. Samningurinn í heild endurspeglar tengslaskilning, það er að fötlun verði til í samspili einstaklings og umhverfis. Þar af leiðandi sé fötlun oft afstæð og aðstæðubundin. Svipaðar áherslur eru í brennidepli í norræna tengslasjónarhorninu (e. Nordic relational approach) á fötlun (Gustavsson o.fl., 2005; Tøssebro, 2004) og samspilsnálgun (e. interactional model) breska fræðimannsins Tom Shakespeare (2014). Viðurkennt er að skerðing er oft hamlandi í sjálfu sér, til dæmis blinda, hreyfihömlun eða heyrnarleysi. Það veltur hins vegar á umhverfinu – í víðum skilningi – hvort skerðing leiðir til fötlunar (World Health Organization, 2011). Þannig er fólk með hreyfihömlun síður fatlað þar sem er auðvelt að ferðast um (Bonehill o.fl., 2020; Lid og Solvang, 2016; Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2018; Unsworth o.fl., 2019; Winance, 2014). Nemendum með athyglisbrest, þroskahömlun og einhverfum nemendum farnast betur ef þeir mæta skilningi og komið er til móts við þörf þeirra fyrir aðlögun námsefnis og félagslegra aðstæðna í skólanum (Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2015; Halldóra Haraldsdóttir, 2016; Wehmeyer og Shogren, 2017; Wiener og Daniels, 2016). Heyrnarlaus einstaklingur er til dæmis á heimavelli þar sem talað er táknað (Bianchini o.fl., 2017; World Health Organization, 2011) og einstaklingur með mikla sjónskerðingu getur verið háður því að fá upplýsingar á blindralettri eða í gegnum talgervil, að litaskil séu skörp og hljóðmerki gefin við vissar aðstæður, til dæmis við gangbrautir (Gallagher o.fl., 2014; Kuriakose o.fl., 2020). Þessi dæmi endurspeglar mikilvægi þess að sjónum sé beint að þeim fjölmörgu hindrunum sem kunna að leynast í efnislegu og félagslegu umhverfi.

## ALGILD HÖNNUN Í TENGLUM VIÐ EFNISLEGT OG FÉLAGSLEGT UMHVERFI

Hindranir í efnislegu umhverfi eru iðulega sýnilegri en þær sem tengjast félagslegum þáttum, skipulagi og kerfum. Oftar en ekki er þó um margslungið samspil að ræða, eins og vikið verður að hér á eftir.

### Efnislegt og manggert umhverfi

Sem fyrr segir beinist algild hönnun oftast að manggerðu umhverfi (Imrie, 2012; Watchorn o.fl., 2021) enda ræður hönnun þess miklu um hvort fólk getur ferðast um óhindrað og tekið þátt í því sem fram fer. Oft er talað um algilda hönnun og aðgengi sem eitt og hið sama (Ostroff, 2011). Þó er einnig vísað til aðgengis í tengslum við aðlögun eða breytingar sem eiga að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks, svo sem með því að setja upp ramp eða fjarlægja þröskulda. Algild hönnun ætti hins vegar að taka mið af þörfum sem flestra frá upphafi (United Nations, 2007; þingskjal nr. 960/2020–2021).

Gott aðgengi snýr meðal annars að því að að efnislegt umhverfi sé laust við hindranir sem takmarka möguleika fólks á að komast um til jafns við aðra (United Nations, 2007; þingskjal nr. 960/2020–2021). Þessi hlutlægi þáttur algildrar hönnunar er jafnan metinn út frá stöðlum og viðmiðum um lágmarksaðgengiskröfur. Sem dæmi gefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun út gátlista sem notaðir eru af byggingarfulltrúum sveitarfélaganna við úttektir á nýju húsnæði eða breytingar á gömlu (sjá t.d. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2020a). Þótt slík viðmið séu nauðsynleg, þá er varhugavert að halda að til sé ein lausn fyrir alla enda er fatlað fólk ekki einsleitur hópur (United Nations, 2007).

### Félagslegt umhverfi

Fjölmargar hindranir sem fatlað fólk stendur frammi fyrir eiga rætur að rekja til félagsleg umhverfis, upplýsinga og þjónustu. Bent hefur verið á að oft er komið fram við fatlað fólk með sérstökum hætti og að athyglin beinist fyrst og fremst að skerðingum þess, hjálpartækjum eða slíku (Ásta Jóhannsdóttir o.fl., 2021; Campbell, 2009; Embla Ágústsdóttir o.fl., 2020; Unsworth o.fl., 2019) en aðrir þættir í fari fólksins fá takmarkað vægi. Campbell (2009) setti fram hugtakið *ableismi* sem er skilgreint sem kerfisbundnir fordómar og misrétti gagnvart fötluðu fólki. Ungt fatlað fólk sem tók þátt í rýnihópum rannsóknarinnar um lífsgæði og þátttöku fatlaðra barna (Ásta Jóhannsdóttir o.fl., í ritrýni; Snæfríður Þóra Egilson o.fl., 2021) lýsti reynslu sinni af áhrifum innbyrðingar (e. *internalized*) *ableisma* á sjálfsmynd sína og líðan. Innbyrðingin tengdist samskiptum við fólk, skipulagi og kerfum sem héldu á lofti neikvæðum staðalmyndum um fötlun sem eitthvað óeðlilegt og óæskilegt. Mörgum þátttakendum fannst það reyna mjög á, bæði líkamlega og tilfinningalega, að ferðast um umhverfi sem er skapað af ófötluðu fólki og með þarfir þess og getu í huga.

Hugtakið *öráreitni* (e. *microaggression*) verður jafnframt æ meira áberandi í umræðunni um mismunun gagnvart jaðarhópum, svo sem fötluðu fólki (Embla Ágústsdóttir o.fl., 2020; Sue, 2010). Með *öráreitni* er átt við hversdagsleg atvik manna á meðal sem hvert og eitt kann að virðast smávægilegt (e. *micro*), til dæmis orð, raddblær, hunsun og viðmót. Þegar fólk í jaðarsettri stöðu upplifir hins vegar slík atvik í sífelli geta áhrifin orðið mikil

(Brynja Elísabeth Halldórsdóttir, 2016; Keller og Galgay, 2010). Öráreitni fylgir gjarnan ógilding (e. micro-invalidation) sem lýsir sér þannig að upplifun fólks af öráreitni er rengd eða ekki tekin gild (Embla Ágústsdóttir o.fl., 2020). Yfirlætisleg góðvild (e. patronization) og meðaumkun er önnur birtingarmynd öráreitni gagnvart fötluðu fólki. Öráreitni af ýmsum toga er birtingarmynd fordóma og hluti þeirra hindrana sem fatlað fólk mætir í félagslegu umhverfi sínu.

### Samspil hindrana í efnislegu og félagslegu umhverfi

Oftar en ekki eru áhrif hindrana í efnislegu og félagslegu umhverfi samþætt enda finnur fatlað fólk sig iðulega óvelkomið ef umhverfi er óaðgengilegt eða ef það útheimtir óhemju mikið umstang, tíma eða orku að fara um og athafna sig. Það getur haft þau áhrif að fólk lætur sér „ekki einu sinni detta í hug að fara að gera eitthvað“, eins og fram kom í viðtali við Harald Þorleifsson í Ríkisútvarpinu (Kristín Sigurðardóttir, 2021). Í frásögnum fatlaðs fólks má finna mýmörg dæmi um sára reynslu af því að komast ekki á áfangastað og þurfa að eyða miklum tíma og orku í að skipuleggja ferðir sínar, svo sem til að tryggja að það komist á salerni (Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2018). Bonehill og félagar (2020) lýstu því hvernig hönnun nærumhverfis nokkurra breskra einstaklinga með CP endurspeglaði að ekki var gert ráð fyrir þeim. Í besta falli höfðu ferðalög fólksins um bæinn óþægindi í för með sér. Í verstu tilvikunum fann það fyrir hræðslu, niðurlægingu, stimplun og jaðarsetningu. Eins eru mörg dæmi um að hugsunar- og þekkingarleysi torveldi fólki að komast um, jafnvel þótt efnislegt aðgengi sé í lagi, svo sem þegar skilti eru sett við skábrautir (Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2018), blómakeri komið fyrir í bílastæði ætluðu fötluðu fólki (Blómaker í bílastæði, 2021) eða bílstjórar strætisvagna stoppa ekki nógu nálægt gangstéttarbrún eða nota ekki búnað á réttan hátt til að strætó sé aðgengilegur (Stjarnborg, 2019). Framhaldsskólanemi sem tók þátt í BS-rannsókn Sigrúnar og félaga (Guðrún Heiða Kristjánsdóttir o.fl., 2008) lýsti því þegar hann þurfti óvænt að fara á eigin bifreið í vettvangsferð:

Ég þurfti að fara á mínum eigin bíl í skólavettvangsferð um daginn sko, af því að kennarinn pantaði ekki rútu sem tók hjólastól ... hún er náttúrulega að fara með nemendurna í rútna og benda á hitt og þetta og ég bara keyri á eftir og veit ekki neitt. (Guðrún Heiða Kristjánsdóttir o.fl., 2008, bls. 38)

Hugsunarleysi kennara varð til þess að nemandinn fór að mestu á mis við það sem fram fór í vettvangsferðinni, bæði námslega og félagslega.

Í bók sinni „Ég lífi lífi sem líkist ykkar“ lýsir prófessorinn og rithöfundurinn Jan Grue (2018), sem er með vöðvasjúkdóm, því sem hann þarf að hafa í huga áður en haldið er út úr húsi. Mikil orka fer í að undirbúa og skipuleggja daginn og hugsa fyrir öllu sem gæti hugsanlega komið upp á. Það þarf að forgangsraða og velja staði, aðstæður og tíma af kostgæfni enda geta mistök orðið dýrkeypt. Jafnframt fjallar Grue um það hvernig fólk bregst við honum sem manni í hjólastól, stigmað sem fylgir fötluninni, það að biðja um aðstoð og mikilvægi þess hvernig hún er veitt. Þannig fléttast efnislegar og félagslegar víddir saman nánast hverja stund í lífi hans.

## Notagildi og fýsileiki

Síaukin áhersla er á notagildi rýmis og vöru í tengslum við algilda hönnun (Iwarsson og Ståhl, 2003; Larkin o.fl., 2015; Lid, 2014; Persson o.fl., 2015) þannig að fólk geti nýtt umhverfi, vörur og þjónustu á hagkvæman og skilvirkan hátt (International Organization for Standardization, 2018). Lid (2013, 2014; Lid og Solvang, 2016) áréttar að algild hönnun er ferli sem beinist að því að búa til nothæfa „vöru“ sem tákna bæði aðgengi og huglæga reynslu fólks af að nota rými og vöru. Hins vegar eru aðrir þættir en notagildi gjarnan í brennidepli þegar kemur að mati á árangri. Í skoðunarlista sem ætlaður er til lokaúttektar á nýbyggingum á Íslandi er til dæmis lögð meiri áhersla á að aðgengilegar snyrtingar séu fyrir hendi en það hvort búnaður þeirra gagnist notendum í reynd (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2020b; Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2020).

Jones (2014) bendir á að mikilvægt er að hafa samráð við notendur í tengslum við algilda hönnun. Fólk með hreyfihömlun og fagfólk innan þjónustukerfisins, sem tók þátt í rýnihópum (Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2018) áréttaði einnig mikilvægi reynslu og þekkingar notenda þegar teknar eru ákvarðanir um þjónustu og önnur mikilvæg atriði. Einn þátttakandinn sagði: „Ja, manni finnst oft þegar er verið að byggja eða breyta húsnæði eða hanna eitthvað, að það eru fengnir einhverjir arkitektar og allir með þessi finu flottu próf. Af hverju er ekki fenginn öryrki sem er í hjólastól?“

Í nýrri yfirlitsgrein um algilda hönnun í manngerðu umhverfi árétta Watchorn og félagar (2021) að beina þurfi sjónum að því sem fólk vill taka sér fyrir hendur, sem sé iðju fólks og athöfnum, í stað þess að horfa einhliða á umhverfi eða einstakling. Áherslurnar endurspeglar mikilvægi tengslasýnar þegar algild hönnun er annars vegar. Moore og félagar (2020) gerðu samantekt á rannsóknum á félagslegri þátttöku [fatlaðra] barna í útleikjum og á leiksvæðum, með algilda hönnun að leiðarljósi. Niðurstöður sýndu að gott aðgengi er nauðsynlegt en langt í frá nægjanlegt til að tryggja að fötluð börn geti tekið þátt í því sem fram fer á leiksvæðum. Höfundar telja að byggja þurfi í auknum mæli á þverfræðilegri þekkingu og líta til stjórnsýsluþátta, þekkingar, viðhorfa og væntinga til að stuðla að því að fötluð börn geti notað útleiksvæði sér til gagns og ánægju (Moore o.fl., 2020).

## INNLEIÐING ALGILDRAR HÖNNUNAR

Lid (2016) lýsir því hvernig algild hönnun tengist ólíkum lögum samfélagsins (makró, mesó, míkro) og þeirri þekkingu og nálgun sem þarf að beita á ólíkum stigum. Á makróstigi byggist algild hönnun á SRFF (United Nations, 2007; þingskjal nr. 960/2020–2021) og lagasetningum sem grundvallast á opinberum samningnum (sjá t.d. lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018). Inntakið í SRFF og algildri hönnun er að fatlað fólk á öllum aldri skuli metið sem borgarar með réttindi á við aðra. Þekking og viðurkenning á mikilvægi þess að jafna stöðu einstaklinga og hópa hefur aukist á síðari árum í kjölfar laga og reglugerða sem byggjast á SRFF og öðrum mannréttindasáttmálum. Þetta endurspeglast til dæmis í stefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2021–2026 þar sem áhersla er lögð á jafnt aðgengi, jafnrétti og fjölbreytileika. Jafnframt segir þar að algild hönnun verði í forgrunni við skipulag háskólasvæðisins (Háskóli Íslands, 2021).

Skipulag og útfærsla fer fram á mesó-stigi. Þar gildir að algild hönnun sé höfð að leiðarljósi og útfærð í tæknilegum stöðlum og forskriftum (sjá t.d. skoðunarlista Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (2020a)). Tæknipækking hefur einnig aukist síðustu árin, sem og framboð á tæknilausnum sem geta gagnast öllum. Í kjölfar Covid-19 er samfélagið í heild til dæmis orðið læsara á tæknileg viðmót í anda algildrar hönnunar. Útfærslan gagnast ekki aðeins fötluðu fólki heldur einnig öðrum hópum og getur dregið úr misræmi í framboði á upplýsingum, þjónustu og aðgengi að menningarviðburðum og námi.

Á míkro-stigi snýst algild hönnun hins vegar um notagildi og fýsileika út frá reynslu og sýn fólksins sem um ræðir, til dæmis hvort það geti farið ferða sinna með tilliti til tíma eða orku af hálfu þess og annarra. Ef það kallar á mikið umstang er ekki víst að fólk líti á slíkt sem raunhæfan möguleika. Hér reynir á hagnýta þekkingu, viðhorf og vitneskju í þverfaglegu samhengi þar sem algild hönnun er höfð að leiðarljósi við ákveðin úrlausnarefni. Við teljum að það sé hér sem skórin kreppir einna helst að (Snæfríður Þóra Egilson, 2016) því þrátt fyrir yfirlýsta stefnu, jákvæð viðhorf og góðan vilja veit fólk oft ekki hvernig hægt er að koma til móts við fjölbreytileikann. Oft telur það sig ekki heldur hafa tíma, úrræði eða aðgengi að upplýsingum eða stuðningi til að takast á við þau úrlausnarefni sem fylgja. Í þessu sambandi ber að nefna að viðtekna hefðir og viðurkennt verklag er oft mjög stýrandi og getur hreinlega orðið að markmiði í sjálfu sér. Einnig skal áréttað að verklag breytist ekki endilega í kjölfar aukinnar þekkingar, það þarf meira til. Allt torveldar þetta að málum sé fylgt nægilega eftir.

Mikilvægt er að huga að öllum framangreindum þáttum í tengslum við algilda hönnun. Auka þarf samskipti aðila og skilgreina formlegar leiðir og verklag til að stuðla að því að algild hönnun sé í fyrirrúmi, með notagildi og fýsileika að leiðarljósi.

## DÆMI ÚR RANNSÓKNUM GREINARHÖFUNDA UM REYNSLU OG AÐSTÆÐUR FATLAÐS FÓLKS

Eins og fram hefur komið er algild hönnun grunduð í persónulegri reynslu fólks (Lid, 2015; Lid og Solvang, 2016). Í rannsókn Snæfríðar og félaga um lífsgæði og þátttöku fatlaðra barna og unglinga komu fram fjölmörg dæmi um hindranir sem drógu úr þátttöku fatlaðra barna og unglinga við ýmsar félagslegar aðstæður. Aðferðafræði og áherslum rannsóknarinnar er lýst í fræðigreinum (t.d. Snæfríður Þóra Egilson o.fl., 2017, 2018, 2021) og á vefsíðu rannsóknarverkefnisins ([www.lifsgaedarannsokn.is](http://www.lifsgaedarannsokn.is)). Í doktorsrannsókn Sigrúnar, sem beindist að áhrifum þjónustu, stjórnsýslukerfa og stefnumótunar á tækifæri fólks með hreyfihömlun til að komast á milli staða, voru tekin rýnihópaviðtöl við fólk með hreyfihömlun og einstaklinga sem unnu náð með þeim (Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2018). Í kjölfarið var rýnt í opinber stefnumótandi skjöl um samgöngur og byggingar (Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2019; Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2020) sem voru aðgengileg á heimasíðum íslenskra stjórnvalda. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu margvíslegar hindranir sem fatlað fólk í íslensku samfélagi mætir, eins og sjá má í dæmunum hér á eftir.

## Saga Unu

Eftirfarandi frásögn er byggð á tilviksathugun sem gerð var með Unu sem var í 5.–6. bekk grunnskóla þegar lífsgæðarannsóknin fór fram. Tekin voru viðtöl við Unu, foreldra hennar og starfsfólk skóla. Telpunni var jafnframt fylgt eftir við ýmsar aðstæður, svo sem innan skólans. Öllum viðmælendum bar saman um að Unu sæktist námið mjög vel og að hún ætti góða vini og félagi í skólanum.

Una greindist með vöðvasjúkdóm við eins árs aldur og notaði hjólastól og göngugrind til að ferðast innanhúss. Einnig átti hún kröftugan rafmagnshjólastól sem hún notaði til að fara um utandyra og þegar færðin var góð fór hún á honum í skólann. Skóli Unu var mjög fjölmennur. Aðgengi í aðalbyggingu skólans var að ýmsu leyti gott, lyfta á milli hæða og staðsetning bekkjarstofunnar heppileg með tilliti til fjarlægðar frá aðaldrym. Þó hafði greinilega gengið á ýmsu á árum áður, eins og Magnea þroskaþjálfari, sem hélt utan um mál Unu í skólanum, greindi frá:

Við fengum allt aðra lyftu en við vorum búin að biðja um ... og aðstoðarmennirnir hennar gáfust upp á þessari lyftu, þetta var svo mikið vesen ... Við vorum búin að biðja um að hún ætti bara að fara beint upp á næsta pall fyrir ofan. Ekki að fara eftir stiganum vegna þess að þá erum við búin að hindra að krakkarnir komist upp um leið og hún. Þannig að við vorum með ólar og bönd og skilti og límbönd og, en þetta var bara ekki gott. Þannig að það varð úr að hún fékk þá alltaf að hafa einhvern með sér í (aðal)lyftunni, einhvern vin eða vinkonu.

Vegna plássleysis í aðalbyggingu voru stöku sérgreinatímar í lausum kennslustofum á skólalóðinni. Una átti erfitt með að komast á milli, ekki síst þegar færðin var slæm. Íðulega var ekki búið að sanda skólalóðina þegar hún mætti í skólann og því glerhált. Þegar gagna var aflað stóð til að bekkur Unu yrði í lausri kennslustofu á skólalóðinni næsta vetur. Una og foreldrar hennar höfðu miklar áhyggjur af þessu og höfðu farið fram á að bekkurinn yrði áfram í aðalbyggingunni en það virtist ætla að verða mjög torsótt mál.

Una var ekki sátt við aðstoðina sem hún fékk innan skólans og henni fannst aðstoðar-fólkið „frekar uppáþrengjandi. Þau bara skipta sér af öllu [og sumir eru með] svona attitude.“ Einn daginn hafði hún beðið aðstoðarkonuna að fara aðeins frá vegna þess að hún réð vel við verkefni tímans. Aðstoðarkonan svaraði þá með þjósti: „Allt í lagi, ef þú vilt ekki þiggja mína hjálp, ég er bara að vinna vinnuna mína!“

Meðan gagnaöflun stóð yfir komu upp fjölmörg atvik þar sem ekki var hugað nægilega vel að aðgengismálum í tengslum við vettvangsferðir skólans. Eitt síðdegið var hringt í móður Unu og hún beðin að halda telpunni heima næsta dag þegar áformaður var spennandi viðburður á vegum skólans. Aðgengi á áfangastað var hins vegar ekki talið nógu gott til að Una gæti komist með. Ekki var einu sinni boðið upp á spennandi valkost í staðinn. Í annað sinn var bekkurinn í vettvangsferð þar sem taka átti strætisvagn á milli staða. Strætisvagninn kom en hann var þá ekki með hjólastólaaðgengi þannig að Una og aðstoðarkona hennar þurftu að bíða eftir næsta vagni meðan bekkjarfélagarnir og kennarinn fóru á undan. Í enn einu tilvikinu hitti bekkurinn á strætóbílstjóra sem gerði kröfu um að Una sæti í hjólastólnum í vagninum í stað þess að sitja með félögum sínum. Úr þessu varð heilmikil rekistefna og fannst Unu mjög erfitt að fá svo mikla og neikvæða athygli.

Reynsla Unu og fjölskyldu endurspeglar útilokun og jaðarsetningu, þótt það hafi ugg-laust aldrei verið ætlun þeirra sem komu að málum. Því miður eru slík dæmi allt of algeng,



eins og fram kom hjá öðrum þátttakendum rannsóknarinnar (Snæfríður Þóra Egilson o.fl., 2021) og í eldri rannsóknum höfundar (t.d. Snæfríður Þóra Egilson, 2014, 2016). Það að alast upp við mismunun af þessum toga – að fólk sé ekki velkomið og að það sé sjálfsagt að horfa fram hjá rétti þess til að taka þátt eins og aðrir – getur haft djúpstæð áhrif hér og nú og til framtíðar (Campbell, 2009). Þetta kom glögglega í ljós í rýnihópaviðtölum með ungu fötluðu fólki sem einnig tók þátt í lífsgæðarannsókninni (Ásta Jónasdóttir o.fl., í ritrýni).

## Rýnihópaviðtöl við fólk með hreyfihömlun og þjónustuveitendur

Í rýnihópaviðtölum sem voru hluti af doktorsnámi Sigrúnar (Sigrún Kristín Jónasdóttir o.fl., 2018) var m.a. rætt við fólk með hreyfihömlun um tækifæri þess til að komast um í samfélaginu. Þátttakendur tiltóku margvíslegar hindranir sem flæktu líf þeirra, drógu úr möguleikum á að komast á milli staða og gera það sem máli skipti. Fötluð kona lýsti stöðunni á eftirfarandi hátt: „Við stöndum í raun og veru í sömu sporum eins og ófötluð manneskja sem þyrfti að sinna erindum upp á 3. hæð í húsi og það væri hvorki stigi né lyfta heldur bara kaðall út um gluggann.“ Vegna smástalla við innganga í byggingar eða runnagróðurs sem teygði sig yfir gangstéttir þurfti fólk oft að fara krókaleiðir til að komast á áfangastað. Einnig komu fram mýmörg dæmi um aðstöðu sem sögð var aðgengileg, þótt raunin væri önnur, til dæmis gistiðstöðu þar sem snyrtingar voru of þröngar og sturtukantar of háir.

Þátttakendur í sömu rýnihópaviðtölum sögðust oft hætta við að gera það sem þeir helst vildu af því að þeir „nenntu ekki að standa í því“ að biðja um eða þiggja aðstoð. Einn lýsti því að hann hefði hringt og beðið um að snjór væri hreinsaður af opinberu bílastæði við samkomuhús bæjarins, þangað sem för hans var heitið. Svárið sem hann fékk var að hann skyldi „bara hringja þegar hann kæmi á staðinn, það yrði þá séð til þess að hann yrði borinn inn í bygginguna“. Fólki fannst einnig miður að þurfa að láta „bera sig ofan í heita pottinn í sundlauginni“, en þar var engin lyfta. Einn þátttakandi lýsti viðbrögðum sínum við slíkum hindrunum þannig: „Maður verður pirraður eða fúll ef maður stoppar á einhverju svona í umhverfinu [sem] gerir það að verkum að maður getur ekki fylgt hópnum.“

Fólk gagnrýndi kerfið og þjónustuna og einn sagði: „Það er ekki nóg með að maður sé fatlaður heldur þarf maður líka að lenda í því að þessi þjónusta er ekki mótúð að því sem að manni hentar.“ Fram kom þörf fyrir samþættingu milli mismunandi þjónustusviða. Til dæmis væri ekki nóg að æ fleiri strætisvagnar væru aðgengilegir ef notendur vissu ekki hvort eða hvenær aðgengilegur vagn kæmi. Biðstöðin þyrfti líka að vera aðgengileg og strætóbílstjórinn að keyra upp að kantinum við biðstöðina svo farþegi kæmist inn.

Allir töldu þörf fyrir vitundarvakningu um aðgengismál og aðstæður fatlaðs fólks. Fram kom að stundum beindist kastljós fjölmiðla að brotalómum í þjónustu eða skorti á aðgengi, en svo lognaðist umræðan yfirleitt út af og lítið gerðist. Þátttakendur lýstu jafnframt vanþóknun sinni á því þegar ráðamenn *þykjast* setja sig í spor fatlaðs fólks með því til dæmis að nota hjólastól í einn dag. Í raun geti *þeir þó* staðið upp um leið og þeir *mæta* hindrunum, til dæmis til að komast á salernið. Persónuleg reynsla fólks og þekking skiptir því miklu við útfærslu algildrar hönnunar.

## Stefnumótandi skjöl um samgöngur

Í kjölfar rýnihópaumræðunnar rýndi Sigrún í stefnumótandi skjöl, m.a. um samgöngur, á heimasíðum íslenskra stjórnvalda (Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2019). Mikil áhersla er lögð á algilda hönnun í stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021 og eitt af undirmarkmiðum stefnunnar er að fatlað fólk geti notað almenningssamgöngur. Þótt markmiðið snúi að notagildi þá felst mat á útkomu í því að mæla hlutfall almenningsvagna með hjólastólaaðgengi (þingsályktun nr. 16/146) en ekki að kanna hvort eða hvernig almenningssamgöngur nýtast fötluðu fólki. Þá er áherslan eingöngu á fólk með hreyfihömlun en ekki aðrar skerðingar, svo sem skynskerðingar. Í fyrri stefnu stjórnvalda sem gilti frá 2012–2014 var einnig lögð áhersla á notagildi almenningssamgangna og meta átti útkomuna út frá hlutfalli fatlaðs fólks sem væri ánægt með stöðuna. Sú varð þó ekki raunin heldur voru spurningar um hlutfall aðgengilegra stofnleiða sendar á Strætó og lagðar til grundvallar mati (Velferðarráðuneytið, 2016). Ekkert var leitað eftir sjónarhorni fatlaðs fólks á notagildi þjónustunnar.

Við rýningu skjalanna komst höfundur að því að samkvæmt 19. grein laga um farþega- og farmflutninga á landi (nr. 28/2017) er bannað að neita einstaklingi um að bóka eða nota hópbifreið á Íslandi á grundvelli skerðingar. Hins vegar segir í sömu lögum að synja megji þessum einstaklingum um þjónustu ef hönnun farartækja eða stoppistöðva er þess eðlis að ekki sé hægt, af líkamlegum ástæðum, að hleypa viðkomandi inn eða út úr farartækinu. Þarna er glufa í lagarammanum sem heimilar útskýfun á grundvelli óviðunandi hönnunar (Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2019). Þetta samræmist alls ekki hugmyndafræðinni um algilda hönnun.

Athyglisvert var hversu djúpt var á upplýsingum og hve oft gætti misræmis milli þeirra upplýsinga sem fundust. Til dæmis komst Sigrún að því með lestri fundargerða og annars efnis að strætisvagnar á Akureyri eru aðgengilegir. Það kom hins vegar hvergi fram á opinberum heimasíðum bæjarins (Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2019). Einnig má velta fyrir sér notagildi akstursþjónustu sem þarf að panta með sólarhringsfyrirvara og þar sem ferðum til vinnu, þjálfunar og heilbrigðisþjónustu er forgangsraðað umfram aðrar (Akureyrarbær, 2019). Þar með dregur mjög úr tækifærum fólks til þátttöku á vettvangi sem kann að skipta það miklu máli.

## ALGILD HÖNNUN Í LJÓSI FRÆÐIKENNINGA OG MANNRÉTTINDASJÓNARMIÐA

Á undanförunum árum hefur umræða um algilda hönnun í ljósi fræðilegra sjónarhorna farið vaxandi. Lid (2013) bendir meðal annars á að út frá verufræðilegu (e. ontology) sjónarhorni snýst algild hönnun um okkur öll, dauðlegt fólk með mismunandi eiginleika, getu og skerðingar. Þekkingarfræðilega (e. epistemology) beinist sjónarhorn algildrar hönnunar að því að auka þekkingu á aðgengileika og umhverfishindrunum í ljósi reynslu ólíkra aðila. Lid (2014) leggur til að sú mannréttinda- og tengslasýn sem einkennir SRFF sé lögð til grundvallar umfjöllun um algilda hönnun og ráði jafnframt ferðinni við ákvarðanatöku og framkvæmd.

